

20. júlí 1994

1233

Nr. 401

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 411 11. nóvember 1993, sbr. reglugerð nr. 242 13. maí 1994.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

- a. Liður 03.10 (1), 3. efnismgr., orðist svo:
Hemlar: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um hemla skv. EBE tilskipun nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 85/647, eða öðrum sambærilegum reglum og nánari ákvæðum í 6. gr.
- b. Liður 03.10 (1), 7. efnismgr., orðist svo:
Útblástursmengun: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um takmörkun mengandi efna í útblæstri eftir því sem við á skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, EBE tilskipun nr. 88/77 með breytingum í tilskipun nr. 91/542 eða öðrum sambærilegum reglum og nánari ákvæðum í 18. gr.
- c. Liður 03.11 (2) orðist svo:
Ef framvísað er gögnum frá framleiðanda fólksbifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi bifreiðargerð uppfylli kröfur skv. EBE tilskipun nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipunum nr. 92/53 og 93/81, skal skráningaraðili samþykkja þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu.
- d. Nýr liður, 03.11 (3), orðist svo:
(3) **Gildistaka:** Frá 1. janúar 1998 skal gerðarviðurkenning fólksbifreiðar byggjast á gögnum og/eða viðurkenningum skv. lið 03.11 (2).
- e. Liður 03.13 (2) orðist svo:
Innflytjanda er heimilt að framvísa staðfestingu eða vottorði frá framleiðanda sendi-bifreiðar eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi bifreiðargerð uppfylli kröfur í sambandi við gerðarviðurkenningu skv. EBE tilskipun nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 87/403. Getur skráningaraðili samþykkt þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu. Skráningaraðili ákveður hvort eða hvaða tæknilegar viðbótarupplýsingar þurfa að fylgja staðfestingunni eða vottorðinu.

- f. Liður 03.20 (2) orðist svo:
Ef framvísað er gögnum frá framleiðanda bifhjóls eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi gerð bifhjóls uppfylli kröfur skv. EBE tilskipun nr. 92/61 skal skráningaraðili samþykkja þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu.
- g. Liður 03.22 orðist svo:
Þungt bifhjól.
(1) **Hljóðstyrkur:** Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi bifhjóls eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur sem gerðar eru um takmörkun hljóðstyrks skv. EBE tilskipun nr. 78/1015 með breytingum í tilskipunum nr. 87/56 og 89/235 eða öðrum sambærilegum reglum. Einnig skal tilgreina tölulegar niðurstöður hljóðstyrksmælingar samkvæmt kyrrstöðumælingu.
- h. Liður 03.30 (1), 2. efnismgr., orðist svo:
Hljóðmerki: Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda viðkomandi dráttarvélar eða óháðum rannsóknaraðila um að hún standist kröfur um hljóðmerki skv. EBE tilskipun nr. 74/151 með breytingum í tilskipunum nr. 82/890 og 88/410 eða öðrum sambærilegum reglum.
- i. Núverandi liður 03.50 (1) falli niður.
- j. Nýr liður, 03.51, orðist svo:
03.51 Eftirvagn I.
(1) Innflytjanda er heimilt að framvísa staðfestingu eða vottorði frá framleiðanda eftirvagns eða óháðum rannsóknaraðila um að viðkomandi gerð eftirvagns uppfylli kröfur í sambandi við gerðarviðurkenningu skv. EBE tilskipun nr. 70/156 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 87/403. Getur skráningaraðili samþykkt þau gögn sem vottorð um fullnægjandi gerðarviðurkenningu. Skráningaraðili ákveður hvort eða hvaða tæknilegar viðbótarupplýsingar þurfa að fylgja staðfestingunni eða vottorðinu.

2. gr.

4. gr. breytist þannig:
- a. Nýr liður, 04.20, orðist svo:
04.20 Bifhjól.
(1) Flötur fyrir aftanvert skráningarmerki bifhjóls telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/94 eru uppfyllt.
- b. Nýr liður, 04.20 (2), orðist svo:
(2) Skilti með varanlega skráðu nafni framleiðanda bifhjóls, verksmiðjunúmeri þess, tölugildum hljóðstyrksmælingar skv. kyrrstöðumælingu og eftir atvikum fleiri ökutækisbundnum upplýsingum telst vera fullnægjandi ef það uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/34.

3. gr.

5. gr. breytist þannig:
- a. Liður 05.10 (8) orðist svo:
Stýrisbúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/311 með breytingum í tilskipun nr. 92/62 eru uppfyllt.

b. Liður 05.11 orðist svo:

- (1) Búnaður til þess að draga úr líkum á meiðslum ökumanns af völdum stýrisbúnaðar við framanverðan árekstur fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/297 með breytingum í tilskipun nr. 91/662 eða sambærilegra reglna eru uppfyllt.

c. Nýr liður, 05.13, orðist svo:

05.13 Sendibifreið.

- (1) Búnaður til þess að draga úr líkum á meiðslum ökumanns af völdum stýrisbúnaðar við framanverðan árekstur sendibifreiðar sem er innan við 1500 kg að leyfðri heildarþyngd telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/297 með breytingum í tilskipun nr. 91/662 eða sambærilegra reglna eru uppfyllt.

d. Liður 05.50 (3) orðist svo:

Stýrisbúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/311 með breytingum í tilskipun nr. 92/62 eru uppfyllt.

4. gr.

6. gr. breytist þannig:

a. Liður 06.10 (18) orðist svo:

Hemlabúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 91/422, eru uppfyllt.

b. Nýr liður, 06.20 (7), orðist svo:

- (7) Hemlabúnaður bifhjóls og virkni hans telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/14 eru uppfyllt.

c. Liður 06.50 (16) orðist svo:

Hemlabúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 91/422, eru uppfyllt.

5. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. Liður 07.10 (1), ákvæði 6. þankastriks, falli niður.

b. Liður 07.10 (2), ákvæði 5. þankastriks, orðist svo:
- hliðarljósker

c. Liður 07.10 (9), 1. mgr., orðist svo:

Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna bifreiðar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/756 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 91/663, eru uppfyllt.

d. Nýr liður, 07.20 (7), orðist svo:

- (7) Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna bifhjóls telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/92 eru uppfyllt.

- e. Liður 07.50 (1), ákvæði 3. þankastriks, falli niður.
- f. Liður 07.50 (2), ákvæði 5. þankastriks, orðist svo:
- hliðarljósker
- g. Liður 07.50 (8), 1. mgr., orðist svo:
Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna eftirvagns telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/756 með áorðnum breytingum, síðast í tilskipun nr. 91/663, eru uppfyllt.

6. gr.

- 8. gr. breytist þannig:
- a. Liður 08.10 (3) orðist svo:
Merkingar á stjórnbúnaði og gaumljósum bifreiðar teljast vera fullnægjandi ef þær uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/316 með breytingum í tilskipun nr. 93/91.
- b. Nýr liður, 08.20, orðist svo:
08.20 Bifhjól.
 - (1) Farþegasæti á bifhjóli skal búið handfestu eða álíka öryggisbúnaði fyrir farþega.
 - (2) Gerð handfestu fyrir farþega á bifhjóli telst vera fullnægjandi ef hún uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/32.
 - (3) Merkingar á stjórnbúnaði og gaumljósum bifhjóls teljast vera fullnægjandi ef þær uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/29.
- c. Núverandi liður 08.22 (1) falli niður.
- d. Núverandi liður 08.22 (2) verði: 08.22 (1).

7. gr.

- 9. gr. breytist þannig:
- a. Liður 09.10 (8) orðist svo:
Eiginleikar og efni í rúðum bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/22 eru uppfyllt.
- b. Núverandi liður 09.10 (8) verði: 09.10 (9).
- c. Liður 09.11 (3) orðist svo:
Sjónsvið ökumanns fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef það uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 77/649 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 90/630.
- d. Nýr liður, 09.50, orðist svo:
09.50 Eftirvagn.
 - (1) Eiginleikar og efni í rúðum eftirvagns telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/22 eru uppfyllt.

8. gr.

- 12. gr. breytist þannig:

- a. Liður 12.12 (3) orðist svo:
Gildistaka: Ákvæði liðar 12.12 (2) gildir frá 1. janúar 1996 um hópþifreið sem skráð er fyrsta sinni. Ákvæðið gildir þó frá 1. janúar 1995 um hópþifreið sem skráð er eða var skráð eftir 1. janúar 1988 og notuð er í fjölþjóðlegri umferð. Frá 1. janúar 1998 gildir ákvæðið um hópþifreið sem skráð var eftir 1. janúar 1988 og notuð er innanlands.
- b. Liður 12.14 (3) orðist svo:
Gildistaka: Ákvæði liðar 12.14 (2) gildir frá 1. janúar 1996 um vörubifreið sem skráð er fyrsta sinni. Ákvæðið gildir þó frá 1. janúar 1995 um vörubifreið sem skráð er eða var skráð eftir 1. janúar 1988 og notuð er í fjölþjóðlegri umferð. Frá 1. janúar 1998 gildir ákvæðið um vörubifreið sem skráð var eftir 1. janúar 1988 og notuð er innanlands.

9. gr.

13. gr. breytist þannig:

- a. Nýr liður, 13.20, orðist svo:

13.20 Bifhjól.

- (1) Búnaður bifhjóls til hljóðmerkisgjafar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/30.

10. gr.

14. gr. breytist þannig:

- a. Nýr liður, 14.11 (2), orðist svo:

- (2) Leyfður hámarksmassi fólksbifreiðar skal ekki vera meiri en tæknilega leyfður hámarksmassi hennar með hleðslu, eins og framleiðandi skilgreinir hann. Massi og dráttarmassi fólksbifreiðar telst innan leyfðra marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/21 eru uppfyllt.

- b. Nýr liður, 14.20, orðist svo:

14.20 Bifhjól.

- (1) Tveggja hjóla bifhjól skal búið standara.
(2) Útfærsla og fyrirkomulag standara á bifhjóli telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/31 eru uppfyllt.
(3) Massi bifhjóls telst innan leyfðra marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/93 eru uppfyllt.

11. gr.

16. gr. breytist þannig:

- a. Liður 16.10 (6) orðist svo:

Gerð og ásetning hjólbarða á bifreið telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/23 eru uppfyllt.

- b. Núverandi liður 16.10 (6) verði: 16.10 (7).

- c. Liður 16.50 (4) orðist svo:

Gerð og ásetning hjólbarða á eftirvagni telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/23 eru uppfyllt.

- d. Núverandi liður 16.50 (4) verði: 16.50 (5).

12. gr.

17. gr. breytist þannig:
- a. Liður 17.13 (1) orðist svo:
Sömu ákvæði gilda og um fólksbifreið, sbr. liði 17.11 (1) og (2).
- b. Nýr liður, 17.13 (2), orðist svo:
(2) Skermun hjóla sendibifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.
- c. Nýr liður, 17.14 (2), orðist svo:
(2) Skermun hjóla vörubifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.
- d. Liður 17.50 (1) orðist svo:

Skermun hjóla eftirvagns telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 91/226 eru uppfyllt.
- e. Nýr liður, 17.51, orðist svo:

17.51 Eftirvagn I.
(1) Sömu ákvæði gilda varðandi skermun hjóla á eftirvagni I og um fólksbifreið, sbr. liði 17.11 (1) og (2).
- f. Nýr liður, 17.52, orðist svo:

17.52 Eftirvagn II.
(1) Sömu ákvæði gilda varðandi skermun hjóla á eftirvagni II og um hópibifreið II, sbr. liði 17.12 (2) og (3).

13. gr.

18. gr. breytist þannig:
- a. Liður 18.10 (1) orðist svo:
Í bifreið skal vera innbyggður gangsetningarlás eða annar búnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi geti ekið henni, sv o sem stýrslás eða gírlás.
Búnaður til þess að fyrirbyggja að óviðkomandi geti ekið bifreið telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/61.
- b. Liður 18.10 (12) orðist svo:

Aðferð til að mæla eldsneytiseyðslu og magn koldíoxíðs í útblæstri bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hún uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 80/1268 með breytingum í tilskipunum nr. 89/491 og 93/116.
- c. Liður 18.10 (13) orðist svo:
Hljóðdeyfibúnaður fyrir útblástur frá hreyfli bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/157 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun

nr. 92/97, eru uppfyllt. Takmörkun hljóðstyrks frá bifreið telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði sömu tilskipunar eru uppfyllt.

- d. Liður 18.10 (14) orðist svo:
Ef bifreið með dísilhreyfli uppfyllir ekki ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, skal dísilhreyfill bifreiðarinnar uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 88/77 eða sambærilegar reglur.
Takmörkun mengandi efna í útblæstri telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 88/77 með breytingum í tilskipun nr. 91/542 eru uppfyllt.
- e. Liður 18.10 (15) falli niður.
- f. Liður 18.11 (2) orðist svo:
Fólksbifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun á mengandi efnum í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun 93/59, eða sambærilegar reglur.
- g. Liður 18.12 (8) orðist svo:
Hópbifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, eða sambærilegar reglur.
- h. Liður 18.13 (2) orðist svo:
Sendibifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, eða sambærilegar reglur.
- i. Liður 18.14 (2) orðist svo:
Vörubifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 93/59, eða sambærilegar reglur.
- j. Liður 18.20 (1) orðist svo:
Á bifhjóli skal vera innbyggður gangsetningarlás og stýrslás eða annar álíka búnaður sem torveldar óheimila notkun hjólsins. Búnaður til þess að hindra að óviðkomandi geti ekið bifhjóli telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/33.

14. gr.

- 21. gr. breytist þannig:
- a. Liður 21.11 (2) orðist svo:
Massi dráttarbeislis á tengibúnað fólksbifreiðar telst innan leyfðra marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/21 eru uppfyllt.
- b. Núverandi liður 21.11 (2) verði: 21.11 (3).

15. gr.

22. gr. breytist þannig:

- a. Liður 22.11 (3) orðist svo:
Takmörkun útstæðra hluta á ytri hluta yfirbyggingar, að tengikúlu og útispeglum undanþegnum, telst fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/483 með breytingum í tilskipun nr. 79/488 eru uppfyllt.
- b. Nýr liður, 22.11 (4), orðist svo:
(4) Hámarksstærð fólksbifreiðar skal vera sem hér segir:
- lengd: 12,00 m,
- breidd: 2,50 m,
- hæð: 4,00 m.
- c. Nýr liður, 22.13 (2), orðist svo:
(2) Takmörkun útstæðra hluta framan við afturgafl ökumannshúss sendibifreiðar, að útispeglum og aukabúnaði, s.s. loftnetsstöng og farangursgrind, undanþegnum, telst fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/114 eru uppfyllt.
- d. Nýr liður, 22.14 (2), orðist svo:
(2) Takmörkun útstæðra hluta framan við afturgafl ökumannshúss vörubifreiðar, að útispeglum og aukabúnaði, s.s. loftnetsstöng og farangursgrind, undanþegnum, telst fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 92/114 eru uppfyllt.
- e. Nýr liður, 22.20, orðist svo:
22.20 Bifhjól.
(1) Hámarksstærð bifhjóls skal vera sem hér segir:
- lengd: 4,00 m,
- breidd: 1,00 m fyrir tveggja hjóla bifhjól,
2,00 m fyrir önnur bifhjól,
- hæð: 2,50 m.

16. gr.

24. gr. breytist þannig:
a. Liður 24.01 (1) orðist svo:
Öryggisbelti skulu þannig gerð að þau hæfi því ökutæki sem þau eru í. Á sætum þar sem því verður við komið skulu öryggisbelti vera a.m.k. þriggja festu og með sjálfvirkum samdrætti. Á öðrum sætum skulu vera tveggja festu öryggisbelti og, þar sem því verður við komið, með sjálfvirkum samdrætti.
- b. Núverandi liður 24.10 (1) falli niður.
- c. Núverandi liðir 24.10 (2) og (3) verði: 24.10 (1) og (2).
- d. Liður 24.10 (3) orðist svo:
Öryggisbelti skal vera tryggilega fest við styrkta hluta bifreiðar. Festur fyrir öryggisbelti teljast vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/115 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 90/629, eða sambærileg ákvæði eru uppfyllt.
- e. Liður 24.11 (1) orðist svo:
Fólksbifreið sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna skal búin öryggisbeltum á öllum sætum sem snúa fram, að veltisætum undanskildum. Fólksbifreið

sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd skal búin öryggisbeltum á framsætum.

- f. Liður 24.11 (2) orðist svo:
Fólksbifreið sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna skal búin höfuðpúðum á framsætum.
- g. Liður 24.12 (1) orðist svo:
Hópbifreið IB sem er 3500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna skal búin öryggisbeltum á öllum sætum sem snúa fram, að velti sætum undanskildum.
Í hópbifreið IB sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd og í hópbifreið IIB skal ökumannssæti vera búð öryggisbelti. Sama gildir um önnur sæti sem ekki veita nægjanlega vörn með afturhluta sætisbaks eða þils beint framan við farþega.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritunum EES gerðir S4 og S5, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri úgáfu, bók 2.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um ökutæki sem skráð verða, viðurkennd eða tekin í notkun í fysta sinn 1. október 1994 eða síðar, nema annað sé ákveðið.

Heimilt er nú þegar að búa ökutæki í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. júlí 1994.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.

REGLUGERÐ

um stjórn hreindýraveiða.

1. gr.

Umhverfissráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála sem um ræðir í reglum þessum.

2. gr.

Nú telur umhverfissráðuneytið, að fenginni umsögn veiðistjóra og hreindýraráðs skv. 3. gr., að hreindýrastofninn sé það stór, að honum stafi ekki hættu af veiðum, og skal veiðum þá hagað með þeim hætti sem segir í reglugerð þessari.